



Borgarráð

### ***Gufunes II – auglýsing eftir samstarfsaðilum***

Lagt er til að borgarráð feli skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að auglýsa eftir áhugasömum fyrirtækjum í skapandi greinum vegna þróunar á öðrum áfanga hverfisins Gufunes.

Greinagerð:

Skipulagsvinna er í gangi við rammaskipulag fyrir Gufunes sem mun móta umgjörð utan um þróun svæðisins. Um er að ræða stórt hverfi og verður uppbygging á því í áföngum þar sem uppbygging á fyrsta áfanga er í fullum gangi. Í Gufunesi eru í dag yfir 100 íbúðir klárar og um 200 íbúðir á byggingastigi. Þar er kvikmyndaverið RVK studios búið að þróa kvikmyndaver og höfuðstöðvar í eldra húsnæði og eitt stærsta þjónustufyrirtækið í kvikmyndagerð, Kukl, búið að gera slíkt hið sama og hýsir fjölda annarra fyrirtækja. Þá hefur fjöldi smærri aðila verið að koma sér fyrir á svæðinu meðal annars í gegnum leigu hjá Reykjavíkurborg til skapandi aðila.

Reykjavíkurborg auglýsir nú eftir fyrirtækjum á sviði skapandi greina sem eru áhugasöm um lóðir til þess að staðsetja sig í öðrum áfanga hverfisins. Bæði er leitað eftir upplýsingum um stærðarþarfir og mögulegar tegundir fyrirtækja. Tilgangurinn er að skapa tækifæri til þess að tryggja að í nýju skipulagi verði til staðar lóðir sem henta áhugasömum fyrirtækjum í bland við þær fjölbreyttu íbúðir sem munu vera í hverfishlutanum. Þó að um atvinnulóðir sé að ræða þá er opið fyrir að allt að 20% bygginga verði nýtt undir húsnæði sem tengist starfsemi (t.d. listamannaíbúðir).

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ákveða hvort hugmyndir sem berast verði kveikja að samstarfi eða samningum um lóðir á svæðinu og þá um leið að þær verði hluti af forsendum fyrirhugaðs skipulags. Mögulegir samningar um lóðir á svæðinu verða gerðir á markaðsforsendum og lagðir fyrir borgarráð til samþykktar. Tekið verður tillit til rekstrarsögu og fjárfestingargetu við val á samstarfsaðilum og mat á vænleika verkefna.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri